



387 Bankastræti 2, hið gamla íbúðarhús Bernhöfts bakara, byggt árið 1834.

Bernhöftstorfan

Pað svæði sem nú nefnist Bernhöftstorfa er austan Lækjargötu, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Á nyrstu lóðinni stóðu húsin sem torfan dregur nafn sitt af, íbúðarhús og brauðgerðarhús Bernhöfts bakara, reist 1834, ásamt móhúsum, kornhlöðu og öðrum geymsluhúsum. Þar fyrir sunnan stendur steinhúsið Gimli, íbúðarhús Knuds Zimsens borgarstjóra, reist 1905. Syðsta húsið var reist 1838, sem íbúðarhús þáverandi bæjar- og landfógeta Stefáns Gunnlaugssonar. Seinna bjó þar lengi Guðmundur Björnsson landlæknir og af því hlaut húsið það nafn sem enn heyrist, Landlæknishúsið.

Á síðustu árum hefur sú hefð skapast að tala um alla húsaröðina milli Bankastrætis og Amtmannsstígs sem Bernhöftstorfu og því er fjallað um þau hér saman.

Ríkissjóður eignaðist öll framangreind hús fyrir 1950 í þeim tilgangi að byggja í stað þeirra nýtt stjórnarráðshús. Gerðar voru teikningar að stjórnarráðshúsi, en ekki varð af fram-

³⁷⁸ Reykjavík, gamli borgarhlutinn. Varðveisla.

³⁷⁹ Kaupstaður í hálfa öld, bls. 304.

³⁸⁰ Jón Helgason: Árbækur Reykjavíkur, bls. 87.

³⁸¹ Kaupstaður í hálfa öld, bls. 303.

³⁸² Jón Helgason: Árbækur Reykjavíkur, bls. 109. Reykjavík 1786–1936, bls. 50–51.

³⁸³ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I*, bls. 227, II, bls. 14, 56.

³⁸⁸ Íbúðarhús Bernhöfts og bökkunahús. Á bakvið má sjá móhúsin.


kvæmdum. Þegar árið 1956 benti danski arkitektinn Helge Finsen á að þessi húsaröð væri „eini hluti bæjarins frá gamalli tíð, sem væri nokkurn veginn samfelldur og því sé eðlilegt að íhuga hvort ekki beri að varðveita húsaröðina“. Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson tóku í sama streng í húsakönnun sinni árið 1968 og mæltu þeir með friðun húsanna.³⁷⁸ Árið 1970 tók Arkitektafélag Íslands að vinna að friðun húsanna og sama ár voru húsin mæld og gerðar af þeim teikningar. Arkitektafélag Íslands gekkst fyrir hugmyndasamkeppni um verndun og notkun húsanna og árið 1972 voru Torfusamtökin stofnuð til þess að vinna að framgangi málsins. Þjóðminjavörður mælti með friðun húsanna og borgarminjavörður og húsafríðunarnefnd gerðu hið sama. Hægt þok-aðist í rétta átt en haustið 1979 voru húsin Bankastræti 2 og Amtmannsstígur 1 friðuð samkvæmt þjóðminjalögum. Sama ár tóku Torfusamtökin húsin á leigu af ríkissjóði og síðan hefur verið unnið að viðgerð á húsunum í lotum. Árið 1985 var komið á laggirnar sjálfseignarstofnun undir heitinu Minjavérnd með þátttöku Torfusamtakanna, fjármálaráðuneytis og Þjóðminjasafns og fer stofnunin nú með mál er varða hús á Bernhöftstorfunni.

Bankastræti 2

Árið 1834 létt P.C. Knudtzon kaupmaður reisa brauðgerðarhús austan við Lækinn. Lóðin var mæld út í september sama ár en þá voru risin íbúðarhús, brauðgerðarhús og móhús.³⁷⁹ Var þetta „fyrsta fullkomna brauðgerðarhús“ í Reykjavík.³⁸⁰ Sama ár kom Tönnes Daniel Bernhöft bakari hingað til lands með fjölskyldu sína á vegum Knudtzons til þess að taka við rekstri brauðgerðarhússins. Í borgarabréfi Bernhöfta frá árinu 1834 er hann nefndur „rugbröðsbager, mel- og grynhandler“.³⁸¹ Bernhöft eignaðist bakaríið árið 1845.³⁸²

Bernhöft var maður framkvæmdanna. Mikinn mó þurfti til að kynda bakaraofninn og fékk hann leyfi til mótekju í austanverðri Vatnsmýrinni. Lét hann leggja þangað veg svo að hægt yrði að flytja móinn á vagni. Bernhöft græddi land á Melkotstúni vestan við Tjörn. Þá létt hann grafa brunna vestan við húsin og var annar þeirra jafnan nefndur Bakaríispóstur eða Bernhöftspóstur og var lengi helsta vatnsból í austurbænum. Hinn brunnurinn var eingöngu til heimilisnota.³⁸³






389 Grunnmynd 1. hæðar hinna eiginlegu Bernhöftstorfu. Teiknað eftir mælingarteikningu Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts o.fl. frá 1970. 1 íbúðarhús. 2 verslun. 3 bökunarhús. 4 korngeymsla. 5 mohúsalengjan. 6 bókaverslun.

Samkvæmt virðingu 1844 var íbúðarhús Bernhöfta grindarhús með múnsteinum í grindinni, klætt listasúð að utan og með borgaþakji. Húsið var með hefðbundinni herbergjaskipan, inngangi á miðri framhlið og inngönguskúr við austurhliðina, þar sem gengið var í eldhúsið. Bökunarhúsið suður af íbúðarhúsinu var tvílyft grindarhús með múnsteinum í grind og klætt borðum. Í því var bökunarofn og mikill reykjhafur. Austast á lóðinni voru tvö hús, bæði úr timbri. Nyrðra húsið var mjölgeymsluhús en það syðra var svokallað „próvíanthús“ eða forðabúr. Við norðurgafl þess, milli hinna síðastöldu húsa, voru kamrar. Milli próvíant-hússins og brauðgerðarhússins var allstórt skúr.

Árið 1861 léti Bernhöft reisa geymsluhús syðst á lóðinni. Sneri það mæni í austur og vestur og tengdi saman bökunarhúsið og mohúsalengjuna. Skúrinn sem þar var fyrir hefur þá líklega verið rifinn. Í nýja húsinu voru korngeymsla og ölgerðarkatlar. Sölubúð bakarísins var í skúrbyggingu sunnan við íbúðarhúsið fyrstu fimmtíu árin. Árið 1885 var reist viðbygging norðan við íbúðarhúsið og verslunin flutt þangað en skúrinn sunnan við húsið rifinn og annar gerður síðar í hans stað.

Vegurinn norðan við bakarið var nefndur Bakarastígur fram til 1888, en þegar Landsbankinn var stofnaður árið 1886 var hann til húsa í Bankastræti 3 og var gatan þá skírd upp og kölluð Bankastræti.³⁸⁴ Ofar í brekkunni,

³⁸⁴Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I*, bls. 273.



390 Unnið að viðgerð á bökunarhúsinu árið 1984.

sunnan við veginn, lét Knudzon árið 1847 reisa „hollenska myllu“, en hann hafði þegar árið 1830 látið reisa myllu á Hólavelli. Bernhöft bakari eignaðist þá myllu síðar. Báðar voru myllur þessar starfreaktar fram til 1870. Eftir það var myllan við Bakarastíg notuð sem geymsla. Myllan við Bakarastíg var rifin árið 1902 en Hólavallarmylla um 1880.³⁸⁵

Tönnes Daniel Bernhöft var fyrsti og lengi eini bakarinn í bænum. Hann hafði jafnan two sveina og margt vinnufólk. Eftir 1871 var Jóhanna Bernhöft, tengdadóttir hans, talin fyrir iðnrekstrinum, en hún var þá orðin ekkja. Síðar tók Daníel, sonur hennar og sonarsonur gamla Bernhöfta við bakarínu. Árið 1923 keypti KFUM eignina til að reisa þar samkomuhús. Af þeiri framkvæmd varð ekki og félagið lét ríkið hafa eignina í makaskiptum fyrir Austurstræti 20 árið 1931. Bakarí var rekið í húsunum til ársins 1944. Eftir það var um tíma trésmíðaverkstæði í bökunarhúsinu og korngeymslunni, en búið var í íbúðarhúsinu til 1962.

Árið 1933 fékk KRON leyfi til að reisa viðbót við geymsluhúsið á austurmörkum lóðarinnar, móhúsalengjuna, með því skilyrði, að viðbótin yrði mýrhúduð að utan. Þar var rekin matvöruverslun og síðar bókabúð.

Árið 1977 brunnu húsin Skólastrætismegin, móhúsalengjan, viðbygging KRON og kornhúsið en bökunarhúsið skemmdist mikið af eldinum.

Árið 1981 var íbúðarhúsið tekið í notkun á nýjan leik eftir umfangsmikla viðgerð undir leiðsögn Knúts Jeppesens arkitekts. Síðan hefur verið rekið þar veitingahúsið Lækjarbrekka. Árið 1982 var hafist handa um viðgerð bökunarhússins eftir leiðsögn Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts, og er utanhússviðgerð lokið. Árið 1983 var smíðuð nýbygging á austurhluta lóðarinnar eftir teikningum Stefáns Arnar. Sú bygging hefur í megindráttum sömu lögum og hæð og móhúsin höfðu áður. Þar er nú bakarísútsala og veitingasalur.

Seinasta áfanga uppbyggingar á lóðinni er enn ólokið en það er endurbygging nýs húss í stað kornhlöðunnar.

392 Húsin á Bernhöftstorfum árið 1979.



391 Horft yfir Bernhöftstorfuhúsin úr gaflglugga Menntaskólans í lok seinustu aldar.





393 Bökunarhúsið og Gimli árið 1986.

Lækjargata 3, Gimli

Knud Zimsen, verkfræðingur og síðar borgarstjóri, keypti árið 1904 hluta af lóðinni Amtmannsstíg 1. Þar reisti hann sér íbúðarhús tveim árum seinna, sem hann nefndi Gimli. Auk íbúðarhússins var bakhus á lóðinni við Skólastræti og skúrbygging milli húsanna. Knud Zimsen var einn af eigendum verksmiðjunnar Mjölnis og var hús hans hlaðið úr steinsteyptum steinum sem framleiddir voru í verksmiðjunni. Yfir miðstöðvarklefa hússins var steinsteypt loft og á turninum var steinsteypt þak. Bæði voru loftin járnþent með grönnum járnbita og skeifnateinum á milli. Turnþakið var fyrsta þakið úr járnþentri steinsteypu hér á landi. Til nýjunga heyrði einnig að terrazzo var notað á gólf í eldhúsi og á útidyratröppur.³⁸⁶ Vatn var leitt í húsið eftir pípu úr svonefndum Smithsbrunni, sem var á túninu fyrir vestan húsið og vatnsdæla var í kjallaranum. Knud Zimsen flutti úr húsinu með fjölskyldu sína árið 1911 og Georg Copland fiskkaupmaður tók við því og bjó þar til ársins 1919. Um tíma var móturneyti í húsinu en árið 1944 var það gert að bústað biskups Íslands, sem þá

var Sigurgeir Sigurðsson. Var þá biskupsskrifstofan í útbyggingunni austan við húsið. Árið 1945 var húsið tekið undir skrifstofur varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Fasteignamat ríkisins var þar til húsa um tíma. Ferðaskrifstofa ríkisins var í húsinu árin 1956 til 1973. Síðar var þar til húsa fyrirtækið Kynnisferðir og Skilorðseftirlit ríkisins og auk þess hefur Listahátið í Reykjavík haft þar aðsetur undanfarin ár. Frá árinu 1986 hefur Sinfóniuhljómsveit Íslands haft bækistöð í Gimli.

³⁸⁶Iðnsaga Íslands I, bls. 251, 252–53.



394 Amtmannsstígur 1 árið 1986.

Amtmannsstígur 1

Árið 1838 fékk Stefán Gunnlaugsson sýslumaður útmælda lóð undir íbúðarhús á Stöðlakotstúni, sunnan við hús Bernhöfts bakara. Húsið var reist sama ár.³⁸⁷ Viðirnir í húsið komu frá Noregi, líklega tilhögggnir, þ.e. sennilega hefur verið um að ræða „tilsniðið“ hús. Hafði Halldór Einarsson sýslumaður ætlað að byggja húsið en ekki haft ráð á þegar til kom og keypti Stefán Gunnlaugsson þá timbrið.³⁸⁸ Húsið var grindarhús með múnsteinum í grindinni, klætt að utan máladríði borðaklæðningu og með borðapaki. Hærra var þar til lofts en tíðkáðist á þessum tíma. Innangangur var á miðri vesturhlið. Við austurhlið hússins voru tveir skúrar og kamar. Lóðin náði að Læknum og létt Stefán gera brú á Lækinn og veg að húsinu.³⁸⁹

³⁸⁷ Bærarstjórn í mótu, bls. 40, 42. Jón Helgason: Árbækur Reykjavíkur, bls. 94.

³⁸⁸ Biskupinn í Görðum. Íslensk sendibréf II. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Rvk. 1959, bls. 167.

³⁸⁹ Jón Helgason: Árbækur Reykjavíkur, bls. 97. Bærarstjórn í mótu, bls. 45–46.


³⁹⁰ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I, bls. 216.

³⁹¹ Sjá Hafnarstræti 18.



395 Amtmannsstígur 1 árið 1986.

Stefán Gunnlaugsson varð land- og bæjarfógeti árið 1838 og gegndi því embætti til 1849.³⁹⁰ Fjölskylda Stefáns bjó í húsinu til ársins 1859 en þá keypti Martin Smith konsúll og kaupmaður húsið á uppboði.³⁹¹ Smith létt stækka húsið árið eftir. Var það lengt til norðurs, settur miðjukvistur á vesturhlið, og




396 Grunnmynd teiknuð eftir mælingu Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts o.fl. frá 1970. 1 Ibúðarhúsið gamla. 2 viðbygging frá 1860. 3 viðbygging frá 1905. 4 hlaða.

við austurhlíð var gerð allmikil útbygging. Húsið var allt klætt að utan á nýjan leik, veggirnir með lárétri vatnsklæðningu en hellur voru settar á þakið. Jafnframt þessu var herbergjaskipan breytt og inngangur gerður á suðurgafl hússins, sem var nýlunda og brot á gamalli hefð.

Martin Smith seldi húsið árið 1886 og þá keypti það Stefán Thorarensen skáld. Um tíma átti Hannes Hafstein húsið og bjó þar.

Guðmundur Björnsson læknir eignaðist húsið árið 1897. Guðmundur var landlæknir og forstöðumaður Læknaskólans árið 1906, og var húsið því nefnt Landlæknishúsið. Hann bjó þar með fjölskyldu sinni til dauðadags árið 1937 og þar var einnig skrifstofa hans og læknингastofa. Guðmundur létt gera viðbyggingu að sunnanverðu eftir teikningu Rögnvalds Ólafssonar arkitekts árið 1905. Viðbyggingin hefur stefnu þvert á mæni gamla hússins og vestast á henni er þrílyftur turn með toppþaki.

Viðbygging Rögnvalds var gerð í nýjum stíl og allt öðrum en gamla húsið. Gamla húsið í sinni fyrstu gerð var hefðbundið timburhús á sínum tíma með hefðbundinni herbergjaskipan og últiti; aðaldyr á miðri framhlíð og útlit og grunnmynd sammiðja. Eftir að húsið hafði verið lengt var það ekki lengur sammiðja heldur fékk það ýmis einkenni klassíkur í húsagerð, sem þá var að byrja að skjóta upp kollinum hér á landi. Viðbygging Rögnvalds



397 Amtmannsstígur 1 skömmu fyrir 1886. Húsið var stækkað árið 1860.

³⁹²Björn Th. Björnsson: *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld II*, Rvk. 1973, bls. 269.

³⁹³Biskupinn í Görðum. Íslensk sendibréf II. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Rvk. 1959, bls. 167.

³⁹⁴Frásögn og ábending Helga Þorlákssonar sagnfræðings.

hafði enn ný stíleinkenni. Vissir þættir hennar báru einkenni sveitserstílsins en að öðru leyti kenndi þar áhrifa nýklassíkur. Viðbygging hans stakk því að ýmsu leyti í stúf við það hús sem fyrir var og sennilega hafa andstæðurnar þó verið miklu meira áberandi þá en okkur þykja þær vera nú.

Marteinn Guðmundsson myndlistarmaður innréttáði vinnusal í hlöðu sem sem var á bakvið hús Guðmundar Björnssonar og þar stofnaði hann ásamt Birni Björnssyni teiknikennara kvöldskóla í teikningu. Þar var skólinn rekinn árin 1934 til 1942.³⁹²

Ríkissjóður keypti húsið árið 1939. Viðbyggingin sunnan við húsið var leigð út til íbúðar, en í eldri hlutanum voru skrifstofur og um skeið bókbandsstofa prentsmeðjunnar Gutenberg. Húsið stóð autt frá árinu 1970 og skemmdist allmikið af eldi skömmu síðar. Árið 1980 var húsið tekið í notkun á nýjan leik eftir umfangsmikla viðgerð undir leiðsögn Knúts Jeppesen arkitekts. Síðan hefur verið rekið þar veitingahúsið Torfan og þar var einnig til húsa Gallerí Langbrók til 1985. Á efri hæðum viðbyggingarinnar eru skrifstofur.

Árni biskup í Görðum ritar í kunningjabréfi hinn 5.8. 1838 m.a.:

Gunnlögsen er að byggja sér hús, sem kom nýlega frá Noregi, ætlað sýslum. H. Einarsson, en hann ei gat keypt þegar til kom. Ekki skal húsið vera stórt en kostar innflutt 1500 kr (uden kalk, panel, betrek) med mursten til skorsten. Petta hús er sett þar sem búið var að tiltaka stað fyrir skólan, og er það ekki annað en skólinn þokast um einn reit upp með læknum hjá Stuðlakoti.³⁹³

Sýslumaður þessi var Halldór Einarsson og var hann erlendis veturninn 1837–38. Húsið virðist hafa komið með skipinu Haabet frá Arendal í Noregi.³⁹⁴ Freistandi er að skilja bréf biskups á þá leið að húsið hafi komið til landsins en þó þarf ekki svo að vera. Hugsanlega hefur sýslumaðurinn aðeins pantað sér timbur til að smíða úr fyrirfram úthugað hús og Stefán Gunnlaugsson gengið inn í kaupin. Um þetta verður ekkert sagt með vissu.

398 Amtmannsstígar 1, framhlið um aldamótin.

